

# Samþykkt

69  
16. júlí

## um breyting á samþykkt um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu, 30. nóv. 1907.

I. gr. orðist svo:

Af öllum skipum, sem ganga til fiskiveiða í verstöðunum, Hnífsdal og Ytri Snæfjallaströnd (með Skarði), skal greiða í lendingarsjóð 1 krónu af hverjum vertíðarhlut, en af skipum, sem ganga í Bolungarvík og Ögurnesi 2 kr. af hlut.

Samþykkt 19. sept. 1914 um breyting á samþykkt um lendingarsjóði í Norður-Ísafjarðarsýslu, 30. nóv. 1907 er hjermeð úr gildi numin.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samþykkt samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917, er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 21. júlí 1920.**

**Þjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

1920

# Erindisbrjef

70  
27. júlí

## fyrir matsmenn á saltkjöti.

I. gr.

Matsmenn skulu sjá um, að slátrun fari fram samkvæmt I. gr. laga um mat á saltkjöti til útflutnings frá 10. september 1919. Þeir skulu sjá um, að allar þær tunnur, sem saltað er í, sjeu í góðu stæði, vel hreinar og vel bentar, og að ekkert það hafi verið í tunnunum áður, er haft geti áhrif á kjötið, hvort heldur bragð þess eða lykt. Þeir sjá um að ekkert kjöt verði í tunnurnar látið, sem ekki hefir áður verið viðurkennt af dýralækni eða umboðsmanni hans, og skal alt kjöt vera stimplað. Þeir sjá um, að kjötið sje vel kælt áður en það er saltað niður, og að hæfilega mikið af hreinu salti sje notað, eða í hver 112 kílógr. um 10 kg. af góðu ensku salti, eða 9 kg. af góðu spönsku eða ítölsku salti. Þeir hafa eftirlit með því, að kjötið sje vel höggvið, og skal skifta hverjum kropp í sex parta, þannig, að fyrst sje kroppurinn klofinn að endilöngu sem næst miðhryggnum, þvínæst skal hvorum helming skift í þrjá parta, nefnil. bógstykki,